

## Eigendastefna Landsvirkjunar vegna Landsvirkjunar Power

### 1. Gildissvið

Eigendastefna Landsvirkjunar (LV) vegna Landsvirkjunar Power ehf. (LVP) gildir um eignarhald LV á LVP.

### 2. Tilgangur eigendastefnu

Tilgangur eigendastefnu þessarar er að kveða á um markmið með eignarhaldi LV á LVP og stjórnarhætti LV vegna eignarhaldsins þar sem ákvæðum laga og samþykktu LVP sleppir. Eigendastefnunni er ætlað að veita gegnsæi og aðhald í stjórnarháttum LV sem eiganda.

### 3. Markmið með eignarhaldi

Markmið LV með eignarhaldi á LVP er að erlend starfsemi LV vegna fjárfestinga, þróunarverkefna og ráðgjafar á sviði orkumála, fari fram í sérstöku einkahlutafélagi en innan samstæðu LV. Félögin tvö geri jafnframt á milli sín þjónustusamninga þar sem þekking, aðföng og bolmagn nýtast á báða bóga, eftir því sem við á.

Markmið LV sem eiganda LVP er að LVP sé rekið með langtíma sjálfbærni félagsins í huga en jafnframt að styðja við mögulegar fjárfestingar félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu og fjárfestingaáætlun þess, svo sem með fjármögnun í formi hlutafjár eða á annan hátt.

### 4. Stjórnarhættir

#### 4.1 Almennt

Samþykktir LVP kveða á um stjórnarhætti og stefnumótun LVP, svo sem tilgang, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðendur, ársreikninga og slit og skipti á félaginu.

#### 4.2 Stjórn Landsvirkjunar


Stjórn LV fer með eignarhlut LV í LVP og réttindi honum tengd, svo sem á hluthafafundum félagsins. Í því felst að stjórn LV tekur ákvarðanir um samþykktir á aðalfundum og hluthafafundum LVP. Stjórn LV veitir umboð til að mæta fyrir hönd LV á hluthafafundi í LVP.

Stjórn LV hefur eftirlit með starfsemi LVP, svo og formennsku forstjóra LV í stjórn LVP, á hluthafafundum í LVP og á sama hátt og með öðrum störfum forstjóra LV.

#### 4.3 Forstjóri Landsvirkjunar

Samkvæmt 15. gr. samþykktu LVP er starfandi forstjóri LV formaður stjórnar LVP.

Kveðið er á um ábyrgð og skyldur forstjóra LV vegna starfsemi LVP gagnvart stjórn LV í starfsreglum stjórnar LV og starfsreglum forstjóra LV.



#### 4.4 Samskipti stjórnar Landsvirkjunar við stjórnendur Landsvirkjunar Power

Forstjóri LV skal í störfum sínum hafa náið samráð við formann stjórnar LV og upplýsa hann um mikilvæg mál er varða LVP.

Samskipti stjórnar LV við stjórn LVP fara fram í gegnum forstjóra LV á fundum stjórnar LV og skulu bókuð í fundargerð stjórnar LV. Einstökum stjórnarmönnum LV er óheimilt að afla upplýsinga beint frá stjórnendum eða starfsmönnum LVP í krafti stjórnarsetu sinnar.

Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að einstakir stjórnarmenn LVP leiti til stjórnar LV að þeirra eigin frumkvæði. Formaður stjórnar LV tekur ákvörðun um nánara fyrirkomulag og skráningu slíkra samskipta í fundargerð stjórnar LV.

#### 4.5 Stjórnarhættir LVP

LV mun sem eigandi, og í gegnum stjórn LVP, beita sér fyrir því að stjórnendur LVP fylgi lögboðnum og góðum stjórnarháttum, standi vörð um réttindi LV sem eiganda, fylgi lögum og reglum sem um starfsemi LVP gilda og gæti að samfélagslegri ábyrgð, umhverfismálum og viðskiptasiðferði.

LV mun sem eigandi, og í gegnum stjórn LVP, leggja áherslu á góða og skipulega upplýsingagjöf stjórnenda LVP til stjórnar félagsins og til LV.

#### 4.6 Stjórnarhættir LV

LV mun nánar lýsa stjórnarháttum LV á samstæðugrunni í stjórnarháttaryfirlýsingu fyrirtækisins.

### 5 Endurskoðun og birting

Eigandastefna þessi skal endurskoðuð eftir því sem þurfa þykir. Eigandastefnan skal birt á heimasíðu Landsvirkjunar og Landsvirkjunar Power ehf.

Reykjavík 10. janúar 2020

Stjórn Landsvirkjunar

*Fóran þar ástundum*  
*Alfreður Ingadóttir*  
*Stjórn LVP*  
*Gud. Þ. Guð.*  
*þu Þurður*